

Leó var afkastamikill á ritvellingum. Hann er höfundur og meðhöfundur meira en hundrað ritrýndra greina og bókarkafna um rannsóknir sínar. Auk þess liggur eftir hann fjöldi greina, bæklinga og rita um vísindi og tækni, sem ætlaðar eru almenningi. Síðustu ritverk hans, þykk skýrsla og bók, komu út að honum látnum, og fjalla um silfurbergið á Íslandi og þýðingu þess í framþróun vísindanna í aldanna rás. Þetta var hugðarefni hans til margra áratuga. Allt frá upphafi birti Leó niðurstöður sínar í virtum, alþjóðlegum tímaritum. Þar skapaði hann fordæmi sem átti stóran þátt í að gera Raunvísindastofnun að sterkri einingu sem naut virðingar á alþjóðavettvangi. Á þessari arfleifð byggir Jarðvísindastofnun Háskólans í dag.

Leó var góður vinnufélagi og ekki spillti fyrir að hann var mikill húmoristi. Hann sá ævinlega óvænta og oft spaugilega hlið á málum. Á vinnustað safnaði gjarnan að honum hópur fólks í kaffitímum og bar þar margt á góma. Leó var vel að sér um marga hluti og var sjaldan komið að tónum kofanum. Ef svo ólíklega vildi til að upplýsingar vantaði um umræðuefnið þá kom Leó lesinn á næsta fund, hafði flett upp í heimildum. Þess þurfti hann þó ekki ef umræðan snerist um Menntaskólann á Akureyri eða þá sem þar höfðu stundað nám. Hann var grunaður um að kunna skólaskýrslur þess skóla utanbókar.

Ekki má láta hjá líða að nefna þátt Leós í útkomu Jökuls, tímarits Jöklarannsóknafélagsins og Jarðfræðafélags Íslands. Hann var einn þriggja ritstjóra Jökuls 1980–85, 1991–94 og 2010–12, og í ritnefnd 1994–2009. Auk þess hafði Leó sérgáfu á sviði prófarkalesturs. Enn ganga furðusögur um að í einni sjónhendingu gæti hann fundið einu stafavilluna

á heilli blaðsíðu. Ef Leó fann ekki villu, þá var engin villa. Að sinni einstöku greiðasemi viðbættri var Leó því ómissandi aðstoðarmaður ritstjórans í mörg ár. Þar er nú skarð fyrir skildi.

*Páll Einarsson og Magnús Tumi Guðmundsson*

Our friend and colleague, Leó Kristjánsson passed away on Friday 13<sup>th</sup> March. He was 76 years old. Leó had been fighting myelofibrosis (an uncommon type of bone marrow cancer) for the past two years. With a suppressed immune system, an infection led to his death. Leó pioneered research on the palaeomagnetism of the basaltic lava sequences of Iceland and the surrounding region, with applications to stratigraphy and the analysis of directions and NRMs in terms of variations in the geomagnetic field over the past 15 million years. For his contribution to this field he was elected an AGU fellow in 2002. Leó authored or co-authored over 90 papers in peer-reviewed journals on geoscience in paleomagnetism, volcanic stratigraphy, and magnetic surveys. Leó also wrote historical papers on research and teaching of natural sciences in Iceland and the role played by Iceland spar crystals in the development of international science during the interval 1780–1930. His magnum opus on this topic was completed shortly before his death. He also authored numerous reports, popular-science articles, bibliographies, book reviews, papers on topics in science education and science history, etc., mostly in Icelandic. Being an outstanding scientist and a generous friend, Leó will be sorely missed.

*Maxwell Brown and Bryndís Brandsdóttir*